




FUNDARGERÐ 42. ÁRSPINGS

*sem haldið var í Kópavogi
25. og 26. október 1991*



42. ÁRSPING LANDSSAMBANDS HESTAMANNAFÉLAGA 1991.

42. ársþing L.H. var haldið 25. og 26. október í Félagsheimili Kópavogs í boði hestamannafélagsins Gusts í Kópavogi.

Formaður Kári Arnórsson setti þingið með stuttri ræðu og bauð fulltrúa og gesti velkomna.

Þá minntist formaður látinna félaga og fyrrverandi þingfulltrúa sem létust á árinu.

Gísla Jónssonar frá Arnarholti
Ólafs Sigurbjörnssonar frá Akranesi
Hreiðars L. Jónssonar, Kópavogi
Ólafs Þorsteinssonar, Reykjavík
Péturs Jónssonar, Egilsstöðum.

Þingfulltrúar vottuðu hinum látnu virðingu sína með því að rísa úr sætum.

Ávörp gesta. Birna Friðriksdóttir forseti bæjarstjórnar Kópavogs flutti ávarp og bauð þing L.H. velkomið til Kópavogs.

Sigurgeir Þorgeirsson aðstoðarmaður landbúnaðarráðherra flutti þinginu kveðjur landbúnaðarráðherra, og Jón Helgason formaður Búnaðarfélags Íslands flutti kveðjur og árnaðaróskir til þingsins frá Búnaðarfélagi Íslands.

Heiðraðir voru tveir félagar L.H. þeir Grímur Gíslason á Blönduósi og Sigurður Ólafsson í Laugarnesi, voru þeir sæmdir gullmerki Landssambandsins og þakkaði Grímur Gíslason þann heiður sem þeim var sýndur með nokkrum vel völdum orðum.

Þá var komið að kjörbréfanefnd að skila sínu álit. Samkvæmt því sitja eftirtaldir fulltrúar þingið.:

Frá Andvara, Garðabæ.

Elísabet Þ. Þórólfsdóttir, Halldór H. Sigurðsson, Halldór Svansson, Jóhann Másson.

Frá Blakki, Strandasýslu.

Guðbrandur Björnsson.

Frá Blæ, Norðfirði og Eskifirði.

Sigurður Sveinbjörnsson.

Frá Dreyra, Akranesi og nágrenni.

Samúel Ólafsson, Smári Njálsson.

Frá Faxe, Borgarfirði.

Árni Ingvarsson, Friðgeir Friðjónsson, Guðrún Fjeldsteð, Ólöf Guðbrandsóttir.

Frá Fáki, Reykjavík.

Viðar Halldórsson, Valdimar K. Jónsson, Guðbrandur Kjartansson, Kristján Auðunsson, Birgir R. Gunnarsson, Valgerður Gísladóttir, Gunni Maggi Árnason, Sigurbjörn Bárðarson, Jónas Kristjánsson, Jón Alb. Sigurbjörnsson, Stefán Pálsson, Þormar Ingimarsson, Katrín Stella Bríem.

Frá Feyki, Öxarfirði.

Guðmundur Theodórsson.

Frá Freyfaxa, Fljótsdalshéraði.

Stefán Sveinsson, Jón Bergsson, Guðmundur Þorleifsson.

Frá Funa, Eyjafirði.

Jónas Vigfússon, Reynir Björgvinsson.

Frá Geysi, Rangárvallasýslu.

Kristinn Guðnason, Valmundur Gíslason, Guðmundur Einarsson,
Þorvaldur Ágústsson, Þórður Þorgeirsson, Sigurgeir Bárðarson.

Frá Glað, Dalasýslu.

Grettir B. Guðmundsson, Marteinn Valdemarsson.

Frá Glófaxes, Vopnafirði.

Magnús Jónasson.

Frá Glæsi, Siglufirði.

Hreinn Júlíusson.

Frá Gnýfara, Ólafsfirði.

Andrés Kristinsson.

Frá Grana, Húsavík.

Stefán Haraldsson.

Frá Gusti, Kópavogi.

Kristmundur Halldórsson, Ásgeir Guðmundsson,
Björn Sigurðsson, Bjarni Sigurðsson, Jón G. Þorkelsson,
Sævar Kristjánsson.

Frá Háfeta, Þorlákshöfn.

Kristján Ketilsson.

Frá Hendingu, Ísafirði.

Elvar Reynisson.

Frá Hornfirðingi.

Ágúst Ólafsson, Ingólfur Vopni Ingvarsson.

Frá Hring, Dalvík.

Ingvi Baldvinsson, Ármann Gunnarsson.

Frá Herði, Mosfellsbæ, og Kjósarsýslu.

Valdimar Kristinsson, Þorsteinn Aðalsteinsson,
Örn Harðarson, Kolbrún Ólafsdóttir, Þröstur Karlsson,
Þórður Axelsson.

Frá Kinnskæ, A-Barðastrandasýslu.

Halldóra Játvarðardóttir.

Frá Kópi, V-Skaftafellssýslu.

Sigurður Kristinsson.

Frá Léttfeta, Sauðárkróki.

Sveinn Guðmundsson, Jón Geirmundsson, Friðrik Guðmundsson.

Frá Létti, Akureyri.

Björn Jónsson, Jón Ólafur Sigfússon, Reynir Hjartarson,
Stefán Bjarnason.

Frá Ljúfi, Hveragerði og Ölfusi.

Gísli Sveinsson, Halldór Guðmundsson.

Frá Loga, Biskupstungum.

Þráinn Jónsson, María Þórarinsdóttir.

Frá Mána, Keflavík og Suðurnesjum.

Brynjar Guðmundsson, Ragnheiður Júlíusdóttir,
Vilberg Skúlason.

Frá Neista, Blönduósi og nágrenni.

Sigríður Hermannsdóttir.

Frá Óðni, A-Húnavatnssýslu.

Einar Höskuldsson.

Frá Sindra, Mýrdal.

Hermann Árnason.

Frá Skugga, Borgarnesi.

Halldór Sigurðsson, Helgi Helgason.

Frá Sleipni, Selfossi og nágrenni.

Steingrímur Viktorsson, Haraldur Þórarinsson, Ólafur
Ólafsson, Hrafnkell Guðnason.

Frá Smára, Hreppum, Árn.

Sigurður P. Ásólfsson, Jón Hermannsson, Sigfús Guðmundsson,
Haraldur Sveinsson.

Frá Snæfaxa, Þistilfirði.

Skúli Ragnarsson.

Frá Snæfellingi.

Ragnar Hallsson, Högni Bæringsson, Ragnar Jónatansson.

Frá Sóta, Álftanesi.

Ársæll Gunnarsson, Andreas Bergmann.

Frá Stíganda, Skagafirði.

Páll Dagbjartsson, Björn Sveinsson, Sigurður Ingimarsson.

Frá Stormi, Vestfjörðum.

Bragi Björgmundsson, Þorkell Þórðarson.

Frá Svaða, Hofsósi og nágrenni.

Símon I. Gestsson, Gísli Sv. Halldórsson.

Frá Sörla, Hafnarfirði.

Þorsteinn Steinsson, Ágúst Oddsson, Sigrún Hafþórsdóttir,
Edda Lýðsdóttir, Birgir Sigurjónsson.

Frá Trausta, Grímsnesi og Laugardal.

Elín Lára Sigurðardóttir, Tómas Brandsson, Hjálmur Þ.
Guðmundsson.

Frá Þjálf, S-Þingeyjarsýslu.

Baldvin Kr. Baldvinsson, Ásdís Þórsdóttir.

Frá Þyt, V-Húnavatnssýslu.

Guðmundur Sigurðsson, Eggert Pálsson.

Frá Þráni, Svalbarðsströnd og Grýtubakkahr.

Dóra Kristjánsdóttir.

Frá Félagi Tamningamanna

Haflíði Halldórsson, Gunnar Arnarson.

Frá Dómarafélagi L.H. (án atkv.réttar)

Olíli Amble

Auk framangreindra voru mættir á þinginu:

Kristinn Hugason, ráðunautur.
Skúli Ögm. Kristjónsson, stjórnarmaður.
Gunnar B. Gunnarsson, "
Ingimar Ingimarsson, "
Halldór Gunnarsson, "
Jón Bergsson, "
Guðmundur Jónsson, "
Kári Arnórsson formaður L.H.
Sigurður Þórhallsson framkvæmdastjóri L.H.
Sigbjörn Björnsson varastjóri L.H.
Jón Helgason formaður Búnaðarfélags Íslands.
Sigurgeir Þorgeirsson, aðstoðarmaður landbúnaðarráðherra.
Birna Friðriksdóttir, fors. bæjarstj. Kópavogs.
Kolbrún Kristjánsdóttir, æskulýðsfulltrúi L.H.
Hjalti Pálsson, fyrrv. framkvæmdastjóri L.H.

Kjörbréf samþykkt samhljóða.

Tilnefning þingforseta og ritara. Tillaga frá stjórn um Hallgrím Jónasson og Gísla B. Björnsson sem þingforseta var samþykkt með lófataki.

Ritarar: Haraldur Þórarinnsson, Sleipni
Sigríður Hermannsdóttir, Neista.
Halldóra Játvarðardóttir, Kinnskæ.
Brynjar Guðmundsson, Mána.
Þorsteinn Steinsson, Sörla.

Þá var gefið matarhlé til kl. 13:00

Þá hófst dagskrá á skýrslu stjórnar L.H. 1990-1991 flutt af formanni L.H. Kára Arnórssyni.

1. Stjórn L.H. 1990-1991.

Aðalstjórn:

Formaður: Kári Arnórsson, Reykjavík.
Varaform: Skúli Ögm. Kristjónsson, Svignaskarði.
Ritari: Guðmundur Jónsson, Mosfellsbæ.
Féhirðir: Gunnar B. Gunnarsson, Arnarstöðum.
Meðstjórn: Jón Bergsson, Ketilsstöðum.
Ingimar Ingimarsson, Y-Skörðugili.
Halldór Gunnarsson, Lundi.

Varastjórn:

Sigfús Guðmundsson, V-Geldingaholti.
Sigbjörn Björnsson, Lundum.
Kristmundur Halldórsson, Kópavogi.
Elísabet Þ. Þórólfsdóttir, Garðabæ.
Sigrún Sigurðardóttir, Garðabæ.

Á starfsárinu voru haldnir 14 stjórnarfundir. Varastjórnarmenn eru yfirleitt boðaðir á stjórnarfundum, enda þótt þeim beri ekki skylda til þess að mæta, nema á fyrsta fund eftir ársþing og á fund í lok starfsárs.

2. Skrifstofa L.H.

Á skrifstofu L.H. starfa þau Sigurður Þórhallsson framkvæmdastjóri og Ingibjörg Magnúsdóttir.

3. Fræðslumál.

Fræðslu og útgáfunefnd hefur unnið að undirbúningi að útgáfu nýrrar bókar í ritröðinni Áfangar. Gengið hefur verið frá samningi við Bergvík h.f. um endurvinnslu eldri mynda frá lands- og fjórðungsmótum.

Álit kynbótanefndar.

Dr. Þorvaldi Árnasyni var send samþykkt þingsins þar sem farið er fram á að hann komi aftur til starfa. Guðmundur Sigurðsson tók sæti í nefndinni í stað Guðmundar Jónssonar.

Gæðinga- og unglinganefnd.

Breytingar frá síðasta þingi á 17. grein keppnisreglna hafa verið færðar á viðeigandi stað í reglum og þær yfirfarnar og endurútgefnar.

Álit fjárhagsnefndar.

Það var samþykkt samhljóða, en það fól í sér hækkun árgjalda og eru þau nú kr. 410 fyrir unglinga en kr. 820 fyrir fullorðna.

Álit allsherjarnefndar.

Haldið var áfram samstarfi hestamanna og annarra gróðurverndarmanna.

Stjórn L.H. hefur fallið frá því að veita sérstakt samþykki varðandi félagsbúninga, þ.e.a.s. fyrir ákveðnum litum í búningum félaganna, en gerir kröfur til þess að allir félagsbúningar verði merktir félagsmerki.

Álit mótanefndar.

Ráðstefna var boðuð 16. mars varðandi stórmótahald. Gerð er nánari grein fyrir henni síðar í skýrslunni.

Álit laganefndar.

Hún lagði til að tillögum yrði vísað heim til félaganna til frekari skoðunar. Sjá síðar í skýrslunni.

4. Útgáfumál.

Gunnar Gunnarsson blaðamaður yfirtók samning sem gerður var við Þráin Bertelsson/Nýtt Líf um útgáfu Hestsins okkar. Hjalti Pálsson hefur verið fenginn til að ritstýra Áföngum.

5. Samningur við Félag tamningamanna.

Fulltrúar, L.H., Félags tamningamanna og Félags hrossabænda hittust þann 17. des. 1990 og gengu frá gjaldi fyrir tamningu og reiðkennslu. Vakin var athygli á tryggingamálum.

6. Mótadagar félaganna.

Mótanefnd raðar niður mótum eftir beiðni frá félögunum um mótadaga. Stefnt er að því að mótaskrá verði tilbúin fyrir áramót.

7. Reiðvegafé.

Úthlutað var kr. 6.000.000 sem fóru að mestum hluta á sunnanvert landið vegna fjórðungsmótsins á Gaddstaðafhlötum.

8. Skógarhólar.

Gistinætur í sumar voru 2.700. Nokkrar umbætur voru gerðar innandyrar. Staðarhaldari var Sigurður Þorsteinsson, kennari í Kópavogi.

Nú í haust hefur verið unnið að lagfæringu á reiðleiðinni frá Mosfellsbæ til Skógarhóla um Stífnisdal, og var samið við verktaka um það.

9. Áningahólfasjóður.

Hestamannafélagið Ljúfur í Hveragerði fékk úthlutað úr sjóðnum.

10. Reiðhöllin - Reiðskólinn.

Framkvæmdastjóri var ráðinn Jón Albert Sigurbjörnsson, Reykjavík. Reksturinn gekk vel og stóð undir sér með aðstoð ríkisstyrks að upphæð kr. 1.500.000 auk kr. 1.000.000 starfstyrks L.H. til Reiðskólans. Starfsemin var með svipuðu sniði. Búið er að leggja inn beiðni fyrir áframhaldandi leigu.

11. Fjórðungsmót á Suðurlandi.

Það var haldið á Gaddstaðafhlötum 26.-30. júní, og var glæsilegt mót. Rangárbakkar s.f. eiga aðstöðuna þar en þeir eru sameignarfélag 9 hestamannafélaga austan Hellisheiðar. Mótið stóð undir sér og skilaði hagnaði kr. 120.000 til hvers aðildarfélags.

12. Ráðstefna um mótahald.

Samkvæmt samþykkt síðasta þings, var boðað til ráðstefnu um stórmótahald þ. 16. mars. Fundargerð ráðstefnunnar liggur frammi á þinginu.

13. Um skipulagsmál.

Niðurstaða stjórnar L.H. varðandi stofnun fjórðungsráða er sú að ekki sé meirihluti innan L.H. fyrir fjórðungsráðum. Mikill meirihluti vill ekki breytingar á skipulagi L.H. Mótrök voru m.a. aukinn kostnaður, mikil tímaeyðsla og að fjórðungsráðin myndu ekki flýta fyrir afgreiðslu mála.

14. Uppgjör á landsmóti - Landsmót 1994.

Uppgjörið á landsmóti 1990. Til skipta kr. 6.200.000 og kemur í hlut hvers aðildarfélags kr. 480.000. Framkvæmdanefnd landsmóts tók saman skýrslu um mótið að beiðni L.H. L.H. skipaði einnig nefnd til að gera úttekt á mótinu.: Ingimar Ingimarsson frá stjórn L.H., Gunnar Arnarson frá Félagi tamningamanna, Olil Amble frá Dómarafélagi L.H., Páll Dagbjartsson frá framkvæmdanefnd mótsins, Kolbrún Kristjánsdóttir æskulýðsfulltrúi L.H., Elísabet Þórólfsdóttir og Högni Bæringsson úr hópi áhorfenda. Kristinn Hugason vann með nefndinni. Stjórn L.H. ákvað á fundi, eftir að hafa skoðað tvö móts-
svæði, sem til greina komu varðandi næsta landsmótsstað, en þau voru mótssvæði Fáks í Víðidal og mótssvæði Rangár-
bakka s.f., að landsmót 1994 skyldi haldið á Gaddstaða-
flötum.

15. Hvernig á íslenski hesturinn að vera?

Stjórn L.H. kaus þriggja manna nefnd til að gera tillögu um hvernig skyldi staðið að könnun um það hvernig íslenski hesturinn á að vera. Niðurstaðan var sú að sendur skyldi út spurningalisti til ákveðins fjölda fólks. Nefndina skipuðu: Sigrún Sigurðardóttir, Gunnar B. Gunnarsson og Guðmundur Jónsson. Spurningalistar voru sendir út í sumar en heimtur hafa verið slakar, um 30%.

16. Frá Dómarafélagi L.H.

Aðalfundur haldinn á Hótel K.E.A. þ. 17. nóv. 1990. Aganefnd var komið á laggirnar. Í stjórn félagsins voru kosnir.: Olil Amble, formaður. Halldór Sigurðsson, ritari. Eypór Óskarsson, gjaldkeri. Til vara: Jóhann Þorsteinsson. Elías Guðmundsson.

Haldnir voru 6 stjórnarfundir.

17. Frá gæðinga- og unglinganefnd.

Á fundi stjórnar L.H. í jan 1991 var ákveðið að fræðsla og menntun dómara skyldi vera alfarið í umsjá DFLH, en ekki í umsjá gæðinga- og unglinganefndar. Einn fundur haldinn þann 26.09.

Í gæðinga- og unglinganefnd eru nú:

Olil Amble formaður, Guðmundur Jónsson, Rúna Einarsdóttir, Þórður Axelsson, Rosmarie Þorleifsdóttir og varamenn þeir Þorvaldur Sveinsson og Jóhann Þorsteinsson.

18. Frá unglinganefnd L.H. (millipínganefnd).

Í nefndinni eru: Sigrún Sigurðardóttir formaður, Kristbjörg Eyvindsdóttir, Rosmarie Þorleifsdóttir, Hólmgeir Valdimarsson og Jón Albert Sigurbjörnsson. Nefndin hefur haldið þrjá fundi.

19. Frá æskulýðsfulltrúa.

Kolbrún Kristjánsdóttir ferðaðist víða um land við góðar undirtektir barna og unglinga. Hún kom m.a. í marga skóla.

20. Frá fræðslunefnd.

Nefndin vann að samantekt á náms og fræðsluefni um hestamennsku fyrir grunnskóla. Stefnt er að því að nota þetta kennsluefni sem valgrein 9. og 10. bekkjar grunnskóla, nú eftir áramótin. Þau Sigurður Þorsteinsson, Hjörtur Einarsson, Bjarni Ansnes, Eiríkur Guðmundsson og Sólveig Ólafsdóttir hafa unnið að þessu verkefni. Næsta bók Áfanga á að koma út á næsta ári.

21. Ferðin á heimsleikana í Svíþjóð.

L.H. og Hestaíþróttasamband Íslands skipulögðu hópferð á heimsleikana í Norrköping s.l. sumar. Skrifstofa L.H. og HÍS sá um farmiðasöluna. Ferðin tókst vel.

22. Vegagerð ríkisins og reiðvegaáætlun.

Stjórn L.H. mun funda með fulltrúum Vegagerðarinnar nú í haust. Þann 7. feb. 1991 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um reiðvegaáætlun.

Samgönguráðuneytið óskaði eftir fulltrúa frá L.H. í nefnd til að kanna ástand reiðvega og gera reiðvegaáætlun. Stjórn L.H. skipaði fulltrúa sinn, Sigurð Þórhallsson framkvæmdastjóra. Þessi nefnd hefur ekki hafið störf en vonandi kemur senn að því.

23. Breytingar á starfsliði L.H. - samningur við HÍS.

Á þessu ári var gerður samningur milli L.H. og HÍS um að skrifstofa L.H. þjónustaði Hestaíþróttasambandið. Gengið var frá skriflegum samningi. Hjalti Pálsson hætti þann 1. mars. Við starfi hans tók Sigurður Þórhallsson.

24. Helstu viðburðir ársins.

Sýning stóðhesta á Stóðhestastöð ríkisins.
Fjórðungsmót var haldið á Suðurlandi.
Hestamannafélagið Stormur hélt afmælistót.
Íslandsmót í hestaíþróttum.
Heimsleikar íslenskra hesta.
Símafundur var haldinn og 3 stjórnarfundir voru haldnir utan Reykjavíkur.

25. Frá hrossaræktarnefnd.

Árið 1991 hafa helstu verkefni nefndarinnar verið að fjalla um:

1. Reglugerð við búfjárræktarlögin nr. 84 frá 1989.
2. Reglur um dóma og sýningar kynbótahrossa (þ.m.t. stigunar- kvarða og reglur um framkvæmd sýninga).
3. Vinna í tengslum við skýrsluhald í hrossarækt.
4. Ákvörðun sýningargjalda og úthlutun úr stofnverndarsjóði og hinu opinbera til hrossaræktarinnar.

Nefndin leggur til að hrossaræktin fái 25% af heildarframlagi búfjárræktarinnar á þessu ári vegna þessa mikla átaks í skýrslufærslu og skráningu hrossa sem nú stendur yfir.

Bókun var gerð, um að hafa sjálfstæða einkunnagjöf dómara, en miklar umræður hafa orðið um þau mál, og hvort beita eigi fjölskipuðum dómi eins og verið hefur eða taka upp sjálfstæða einkunnagjöf.

Hrossaræktarnefnd fylgdist með sýningu ungfola í Gunnars- holti.

Annar fulltrúi L.H. í hrossaræktarnefnd, Guðmundur Jónsson lét af störfum og við tók Guðmundur Sigurðsson héraðsráðu- nautur.

26. Starfsemi FEIF, 1991.

Haldinn var stjórnarfundur í Sviss í nóv. 1990, þar sem lagðar voru línur fyrir væntanlegt Evrópumót. Íþróttafulltrúi FEIF hélt dómara ráðstefnu þar sem dómarar frá Íslandi mættu til þjálfunar og menntunar.

Ákveðið hefur verið að starfrækja unglingabúðir á Íslandi í júlí-ágúst 1992 þar sem börnum innan FEIF landanna er gefinn kostur á, að koma saman, að þessu sinni að Skógar- hólum og í sameiginlegum ferðalögum utan og í nágrenni Reykjavíkur.

Aðalfundur FEIF, aðþjóðasambands Íslandshestafélaga, var haldinn í Norrköping í Svíþjóð þ. 19. ágúst s.l. Á fundinn mættu fulltrúar frá aðildarfélögunum fjórtán, auk áheyrnarfulltrúa frá Færeyjum, Luxemburg og Félagi skeiðreiðarmanna. Fulltrúi Íslands var Kári Arnórsson formaður L.H.

Tveir nýir stjórnarmenn.

Hans Björn Bondri gaf ekki kost á sér, og í hans stað var Mats Jennerholm frá Svíþjóð valinn til starfsins. Fi Pugh frá Bretlandi var kjörinn ritari.

Breytingar á FIPO reglum.

Á sviði ræktunarmála var samþykkt tillaga að alþjóðlegu númerakerfi ísl. hrossa.

Heimiluð var notkun á ýmsum nýrri mælum sem áður voru bönnuð, bæði brotnum og tvíbrotnum. Auk þess voru leyfð 10% frávik frá lágmarks sverleika méla. Fram kom tillaga frá Svíum um að nota heila botna ef járnað er á 8 mm skeifur. Samþykkt eftir miklar umræður.

Tvær nýjar aðildarþjóðir.

Færeyjar og Luxemburg eru nýjar þjóðir innan FEIF.

Að lokinni skýrslu Kára Arnórssonar, tók Gunnar B. Gunnarsson gjaldkeri L.H. til máls.

Hann las upp og skýrði reikninga L.H. Fjárhagsstaðan virðist fremur góð. Tekjur alls kr. 5.598.476,18 en gjöld kr. 4.152.729,45. Hagnaður er kr. 1.445.746,73.

Þá var orðið gefið laust um skýrslu formanns og reikninga L.H.

1. Til máls tók Steingrímur Viktorsson, Sleipni. Hann óskaði skýringa á seinagangi í framkvæmd á samþykkt er varðar öryggi ríðandi fólks í umferðinni.
2. Jónas Vigfússon, Funa ræddi um ráðstefnu um stórmótahald sem haldin var s.l. vor og taldi menn ekki hafa verið nógu vel undirbúna til þeirra ákvörðunartöku, sem þar var tekin og hélt því fram að til fundarins hafi beinlínis verið boðað til að svæfa tillögur um breytingar á stórmótahaldi.
3. Guðrún Fjeldsteð tók til máls og pakkaði stjórn L.H. vel unnin störf og átalði hestamenn fyrir óvægna gagnrýni á störf stjórnar.
4. Sigurður Páll Ásólfsson gerði að umtalsefni reiðvegafé og reiðvegi og taldi mikla þörf á umbótum.
5. Halldór Guðmundsson, Ljúfi pakkaði stjórn vel unnin störf. Sagði 16 félög hafa staðið að fjórðungsmóti en ekki 9 eins og fram kom í skýrslu stjórnar. Spurði um tekjur af Skógarhólahólfinu, sagði sig aðeins sjá kostnað í ársreikningunum.

Formaður tók til máls og svaraði framkomnum athugasemdum.

Kári svaraði Jónasi Vigfússyni á þann veg, að hann hefði ekki setið svo beinskeyttan og afkastamikinn fund og um stórmótahaldið.

Hann þakkaði Guðrúnu Fjeldsteð vel valin orð í garð stjórnar.

Gunnar B. Gunnarsson svaraði Halldóri Guðmundssyni varðandi kostnað af Skógarhólahólfinu og benti á tölur yfir tekjur af hólfinu.

Kristmundur Halldórsson þakkaði stjórn fyrir skýrslu sem sýni gott starf. Reikningar og fjárhagsstaða gefi tilefni til frekari útgjalda. Hann taldi hugmyndir Guðrúnar Fjeldsteð um fréttabréf góðar. Gustur hefur góða reynslu af fréttabréfaútgáfu. Mikilvægasta verkefni hestamanna eru reiðvegir, en framlag ríkisins smáanarlegt eða 6 milljónir. Þá mættu sveitarfélög standa sig betur innan bæjarmarka sinna t.d. eru á þéttbýlissvæðinu hundruðir hestamanna á ferðinni í svartasta skammdeginu.

Félögin á stór-Reykjavíkursvæðinu hafa reynt með sér samstarf um tengingu reiðleiða innan félagssvæða sinna, en sú aðferð að mestu runnið út í sandinn.

Hann leggur til að ferðanefnd fjalli ýtarlega um ferðalög á hestum og reiðleiðir í byggð og óbyggð.

Ármann Gunnarsson þakkaði stjórn góð störf og formanni góða skýrslu. Ræðir um Skógarhóla og viðhald þess staðar. Telur Skógarhóla hálf helgan stað í augum margra hestamanna. Leggur Ármann til að hestamannafélögin á þessu svæði taki að sér rekstur Skógarhóla en L.H. einbeiti sér að hólfum á hálendinu. Tekur undir ádeilur Jónasar Vigfússonar um að ráðstefna um stórmótahald hafi ekki verið nógu vel undirbúin.

Kári Arnórsson svaraði því til að L.H. hafi fengið Skógarhóla í arf þegar mót lögðust þar niður. Hann taldi ábendingar Ármanns ágætir og ástæðu til að umræða um þær verði markviss.

Þá bar Gísli B. Björnsson upp reikninga L.H. og voru þeir samþykktir samhljóða.

Tilnefning um nefndarformenn:

Allsherjarnefnd,	form.	Páll Dagbjartsson.
Ferða-og umhverfisnefnd,	"	Þorvaldur Ágústsson.
Fræðslu-og útgáfunefnd,	"	Birgir R. Gunnarsson.
Gæðinga-og unglinganefnd,	"	Ágúst Oddsson.
Kynbótanefnd,	"	Haraldur Sveinsson.
Mótanefnd,	"	Marteinn Valdemarsson.
Laga- og skipulagsnefnd,	"	Kristján Auðunsson.
Fjárhagsnefnd,	"	Helgi Helgason.

Samþykkt samhljóða.

Málum þingsins var vísað til nefnda.

Dingskjal nr. 2, til fjárhagsnefndar, flutt af stjórn L.H.

"42. ársþing L.H. haldið í Félagsheimili Kópavogsf 25.-26. okt, 1991 samþykkir eftirfarandi tillögur að fjárhags-áætlun fyrir árið 1992".
Tekjur alls kr. 6.745.900
Gjöld alls kr. 6.745.900

Dingskjal nr. 3, til laga-og skipulagsnefndar, flytjandi, stjórn L.H.

"Stjórn L.H. leggur til að ekki verði að sinni gerðar breytingar á skipulagi L.H. Stjórnin leggur því ekki fram tillögur um fjórðungsráð".

Dingskjal nr. 4, til mótanefndar, flytjandi, stjórn L.H.

"42. ársþing.... samþykkir að ekki verði gerðar breytingar að sinni á ytra fyrirkomulagi stórmóta, þ.e. fjórðungs- og landsmóta".

Dingskjal nr. 5, vísað til allsherjarnefndar, flutt af stjórn L.H.

"42. ársþing L.H.... samþykkir að skipuð verði millipínganefnd sem hafi það hlutverk að endurskoða menntunarmál og starfsaðstöðu gæðingadómara og gera tillögu, sem lögð yrði fyrir ársþing 1992. Dómarafélagið tilnefni 2 menn í nefndina, gæðinga-og unglinganefnd 2, stjórn L.H. 1 og sé hann formaður nefndarinnar".

Dingskjal nr. 6, flytjandi, hestamannafélögin, Feykir, Snæfaxi, Grani, Þjálfí og Léttir.

"42. ársþing L.H. ... samþykkir að þing þessi séu haldin annaðhvert ár en formannaráðstefna á milli þinga, næsta ársþing verði haldið 1992 en síðan á 2ja ára fresti".

Dingskjal nr. 7, vísað til gæðinga-og unglinganefndar flutt af gæðinga- og unglinganefnd.

"42. ársþing L.H. ... samþykkir breytingar á úrslita-keppni í barna og unglingaflokkum".

Dingskjal nr. 8, vísað til gæðinga- og unglinganefndar, flytjandi, hestamannafélagið Faxi.

"42. ársþing L.H. samþykkir breytingatillögu um úrslita-keppni í yngri flokki unglinga þ.e. það verði að sýna tölt og eða brokk allt að tveim hringjum til hvorrar handar, stökk skal sýna á langhlið tvær ferðir og aðeins einn í einu".

Dingskjal nr. 9, vísað til mótanefndar, flytjandi, hestamannafélagið Skuggi.

"42. ársþing L.H. ... samþykkir að fjórðungsráð raði niður hestapingum í viðkomandi fjórðungum í samráði við mótanefnd L.H."

Dingskjal nr. 10, vísað til mótanefndar, flytjandi, hestamannafélagið Léttir.

"42. ársþing L.H. ... samþykkir að settar verði reglur varðandi lyfjanoðkun á hrossum í keppni, verði það gert að skyldu að hafa lyfjapróf á öllum stórmótum s.s. fjórðungs- og landsmótum og beri viðkomandi mót þann kostnað. Þessi próf gangi jafnt yfir gæðinga, kappreiða og kynbótahross og verði unnin eftir úrdrætti líkt og er viðhaft á öllum stórmótum þar sem menn keppa".

Dingskjal nr. 11, vísað til fjárhagsnefndar, flytjandi unglinganefnd L.H. (milliþinganefnd).

"42. ársþing L.H. ... samþykkir að ráða þrjá æskulýðsfulltrúa til starfa í hlutastarf, einn verði staðsettur á suðurlandi, einn á vesturlandi og einn á norðurlandi eystra".

Dingskjal nr. 12, vísað til mótanefndar, flutt af hestamannafélaginu Funa.

"42. ársþing L.H. samþykkir að stefnt skuli markvisst að því að dreifa stórmótum og öðru því sem eflir hestamennsku sem víðast um landið".

Dingskjal nr. 13, vísað til allsherjarnefndar, flutt af hestamannafélaginu Fákí.

"42. ársþing L.H. ... samþykkir að skylda verði að nota reiðhjálma í öllum sýningum og keppnum sem haldnar eru á vegum hestamannafélaga innan L.H."

Dingskjal nr. 14, til gæðinga- og unglinganefndar, flytjandi hestamannafélagið Fákur.

"42. ársþing L.H. ... samþykkir að keppt verði í flokki 16 - 18 ára á fjórðungs- og landsmótum, og nefnist hann ungmennaflokkur. Dómar yrðu eins og hjá fullorðinsflokki".

Dingskjal nr. 15, til kynbótanefndar, flytjandi, hestamannafélagið Fákur.

"42. ársþing L.H. ... samþykkir tilmæli til hrossaræktaráðunauta BÍ að teknir verði upp spjaldadómar við hæfileikasýningu á kynbótahrossum".

Þingskjal nr. 16, vísað til kynbótanefndar, flytjandi, hestamannafélagið Fákur.

"42. ársþing L.H. ... samþykkir tillæli til BÍ sem gefur út bókina "Hrossaræktin", að hún komi út eigi síðar en í febrúarlök með dómum undangengins árs".

Þingskjal nr. 17, til allsherjarnefndar, flytjandi, hestamannafélagið Fákur.

"42. ársþing L.H. ... samþykkir eftirfarandi tillögu: Að fundin verði farsæl lausn á viðgerð og viðhaldi á réttinni við Skógarhóla í samvinnu við þjóðgarðsvörð og hestamannafélögin í grennd".

Þingskjal nr. 18, vísað til mótanefndar, flutt af hestamannafélaginu Hring.

"42. ársþing L.H. ... samþykkir að breyta l. gr. reglna um framkvæmd lands- og fjórðungsmóta á þann veg, að til viðbótar greininni komi:
Við val á landsmótsstað skal það vera meginregla að mótin séu haldin svo víða um landið sem mögulegt er.

l. gr. hljóði því svo í heild sinni.:

"Stjórn L.H. velur landsmótsstað hverju sinni og skal það liggja fyrir innan 12 mánaða frá lokum síðasta landsmóts. Við val á landsmótsstað skal það vera meginregla að mótin séu haldin svo víða um landið sem mögulegt er".

Þingskjal nr. 19, vísað til mótanefndar, flytjandi, hestamannafélagið Funi.

"42. ársþing L.H. ... samþykkir að gera tilraun til breytinga á landsmótshaldi, þannig að landsmót sem vera ætti óbreytt árið 1998 yrði tvískipt, þannig að árið 1996 verði haldið landsmót með aðaláherslu á sýningu og dóma kynbótahrossa og að árið 1998 verði haldið landsmót, sem hafi aðaláherslu á sýningu og keppni gæðinga".

Þingskjal nr. 20, til laga- og skipulagsnefndar, flytjandi hestamannafélagið Funi.

"42. ársþing L.H. ... samþykkir að starfssvæði L.H. verði skipt í 5 hluta með sjálfstæðum rekstri samkvæmt nánari útfærslu. Ítarleg greinargerð fylgdi þessari tillögu".

Þingskjal nr. 21, vísað til laga- og skipulagsnefndar, flytjandi, hestamannafélagið Funi.

"42. ársþing L.H. ... samþykkir breytingar á lögum L.H.". Með þessari tillögu fylgdi alllöng greinargerð.

Þingskjal nr. 22, til allsherjarnefndar, flytjendur, Jón Ól. Sigfússon, Kristinn Guðnason, Ingimar Ingimarsson, Halldór Gunnarsson og Viðar Halldórsson.

"42. ársþing L.H. ... samþykkir að reikningar þeirra móta, sem L.H. er beinn fjárhagsaðili að þ.e. landsmóta og etv. annarra móta, skuli fylgja með öðrum reikningum L.H. og komi þeir fram ári eftir að mót þessi eru haldin, endurskoðaðir og yfirfarnir af til þess kjörnum aðilum".

Að loknum lestri þingskjala og tilvísana til nefnda var gefið kaffihlé.

Þá var á dagskrá hrossabúskapur á Íslandi.

Framsögumenn voru: Dr. Ólafur Dýrmundsson landnýtingaráðunautur BÍ, Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri og Birna Hauksdóttir hrossabóndi f.h. Félags hrossabænda.

Að loknum framsöguerindum var orðið gefið laust.

Fyrstur talaði Stefán Pálsson. Hann hvatti til jöfnunar á kjötverði.

Næstur talaði Valdimar K. Jónsson. Hann gagnrýndi talið um ofbeit. Hann segir sína reynslu, að hross bæti landið.

Kári Arnórsson þakkaði framögsumönnum og hvatti menn til frekari umræðna.

Skúli Kristjánsson telur hrossum fjölga óeðlilega og þörf á frekari skipulagningu í beitarmálum.

Kristinn Hugason þakkaði stjórn L.H. fyrir umræður þar, sem hún koma af stað með erindum um hrossabúskap á Íslandi. Bændur þurfi að huga að arðsemi hrossaræktar og ýmsum þáttum þar að lútandi s.s. veðreiðum, sem áhugamenn á Stöð 2 vinni nú að, markaðsmálum, þar sem ekki sé víst að aukning náist í hrossakjötsáti landsmanna. Telur hann að selja þurfi 3.000 hross úr landi á ári, til þess að hrossabúskapur verði arðvænlegur á Íslandi.

Kristinn Guðnason spyr Birnu Hauksdóttur hvaða áhrif hefur lágmarksverð, sett af F.H. á verðmyndun kynbótahrossa þegar 10% eru sett ofan á verð á hryssum og 20% á ógelta hesta skv. augl. landbúnaðarráðherra og á hverra ábyrgð er það

þegar augljós sölutregða er á l. verðlauna stóðhestum þegar lágmarksverðið er með þeim hætti sem það er.

Sveinn Runólfsson þakkar ágætar umræður, hrossabeit getur verið hagabót, sé rétt á málum haldið, sem og önnur beit búfjár. Þó varasamt að alhæfa. Höfum ekki leyfi að framleiða kjöt á landi sem er að eyðast.

Birna Hauksdóttir tók til máls og sagði Félag hrossabænda hafa beðið alla landbúnaðarráðherra um að jafna kjötverð en enginn tekið undir það og sem svar til Kristins Guðnasonar sagði hún að BÍ ákvæði lágmarksverð á hross. Einnig fjallaði hún almennt um markaðsmál.

Kristinn Hugason sagði BÍ ekki setja lágmarksverð, heldur landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum frá nefnd þar að lútandi.

Ólafur Dýrmundsson þakkar málefnalegar umræður, hvetur menn til að huga vel að ásetningi og þá muni vel fara. Segist vera tilbúinn til samstarfs við bændur um skynsamlega nýtingu lands.

Þingforseti Hallgrímur Jónasson sleit umræðu og þakkaði góða umfjöllun og málefnalega. Sagði að inn á borð hjá sér hefði borist stutt vísa svohljóðandi:

Ef ég virkja andans glóð
ein mun staka fljúga.
Mikið væri mjólkin góð
mætti ég Birnu sjúga.

En Birna var í mjólkurdagsbol og var það tilefni vísunnar.

Hófust nú nefndarstörf.

Laugardaginn 26. okt. var fundi fram haldið.

Fyrstur tók til máls Helgi Helgason frá Skugga, og mælti fyrir fjárhagsnefnd.

Fram kom breytingartillaga við þingskjal nr. 11 sem hljóðar svo:

42. ársþing L.H. ... samþykkir að leggja beri aukna áherslu á æskulýðsstarfið, og felur stjórn, í samráði við æskulýðsfulltrúa, einn eða fleiri að efla starfið þannig að enginn landshluti verði afskiptur.

Gengið var til atkvæða og var tillagan samþykkt mótatkvæðalaust.

Fjárhagsáætlun, þingskjal nr. 2

Kristján Auðunsson, Fáki gagnrýnir þá hækkun sem fram kemur í þingskjali nr. 2 og telur að framlög til L.H. eigi ekki að hækka um krónu.

Kári Arnórsson leiðréttir Kristján og bendir á, að Kristján sé með hækkun milli ára '90-'91, hækkun sé aðeins 10% eða það sama og almennt gerist í landinu, fræðslustyrkur er frá alþingi.

Reynir Hjartarson, Létti tók til máls og sagðist sammála Kristjáni um að gæta aðhalds. Telur hann að L.H. eigi að gefa Skógarhóla. Ekki reka Skógarhóla ef þeir standa ekki undir sér.

Helgi Helgason talar um hvað þeir leggji til grundvallar þegar þeir fara yfir reikninga.

Breytingartillaga Kristjáns við þingskjal nr. 2 borin undir atkvæði og samþykkt með 66 atkv. gegn 34.

Upp skal lýsa okkar fólk
og það skulum muna
að Brávellingur úr Birnumjólk
bætir meltinguna.

Haraldur Sveinsson lagði fram, frá kynbótanefnd, þingskjal nr. 16 frá Fáki. Samþykkt óbreytt.

Kynbótanefnd lagði fram tillögu í stað þingskjals nr. 15.:

42. ársþing L.H... styður bókun sem gerð var 29.04.91 á fundi Hrossaræktarnefndar BÍ um tilraun með sjálfstæða einkunnagjöf dómara við dóma kynbótahrossa. Niðurstöður tilraunarinnar verði kynntar á næsta ársþing hestamanna. Greinargerð: Vísast þar til skýrslu Skúla Kristjánssonar á bls. 17 í ársskýrslu L.H.

Umræður.

Jónas Kristjánsson, Fáki gerir að umtalsefni númerakerfi BÍ og telur að L.H. eigi að fylgja eftir númerakerfi því sem samþykkt var á ársþingi '89.

Ræðir um "Hrossaræktina" og telur hana mjög hægna. Telur BLUPP aðeins vísindi en ekki koma hrossarækt við.

Skúli Kristjánsson fagnar erindi Jónasar sem sé til þess fallið að vekja umræðu um málefni hrossaræktar. Skúli telur allar byltingakenndar tillögur ekki góðar í hrossarækt. Talar um að reynt sé að teygja á skala kynbótahrossa. Gefa mönnum sæmilegan frið til að vinna að þessum málum.

Reynir Hjartarson tók næstur til máls og taldi skemmtiatriði tilheyra kvöldinu og athugasemdir Jónasar út í hött. Hann hafi yfir að ráða einum stærsta fjölmíðli landsins og þar geti hann komið sínum sjónarmiðum á framfæri og sleppa þingi sem þessu við því. Að lokum fór Reynir með vísu:

Vita má hér fundarfólk
og forðast allan vafa
Á "Brávellínginn Birnumjók"
best mér finnst að hafa.

Næstur tók til máls Kári Arnórsson og svaraði Jónasi. Telur BÍ vera sátta við kerfi Jónasar Kristjánssonar og finnst ekki L.H. eigi að taka ákvarðanir fyrir BÍ. BÍ reynir að skrá öll hross í landinu sem tilheyra ísl. hrossastofninum. Kynbótanefndin er sammála um þessi vinnubrögð.

Kristinn telur kynbótastarfið eigi sífellt að vera í endurskoðun. Vegna gagnrýni Jónasar á númerakerfið telur Kristinn það ekki samrýmast nútíma þjóðfélagi að BÍ sé að setja ákveðnar reglur um skráningu hrossa, það sé mönnum frjálst. Kristinn telur annað en strögl hafa þingi L.H.

Að loknum þessum umræðum var breytingartillaga frá kynbótanefnd nr. 15 samþykkt.

Þingskjal nr. 23, frá fræðslu- og útgáfunefnd.

I.

Fræðslu- og útgáfunefnd ályktar svo að skipuð skuli millipinganefnd sem í framhaldi og samræmi við þá vinnu sem unnin hefur verið fyrir grunnskólann, leggji drög að samskonar námsefni fyrir framhaldsskóla. Einnig að þessi nefnd samræmi námsmarkmið sem nýst gæti nemendum á framhaldsskólastigi.

Greinargerð: Hvatinn að þessari ályktun kemur í kjölfar þess að nokkrir framhaldsskólar hafa tekið hestamennsku upp sem valgrein.

II.

Þingið telur mikilsvert framtak Ólafs Schram varðandi útgáfu leiðarlýsinga fyrir reiðmenn og hvetur þingið Ólaf til áframhaldandi vinnu við þetta mikilvæga verk.

III

Safnað hefur verið efni í 2 bækur undir nafninu Áfangar og er önnur væntanleg í útgáfu á næsta ári og hefur Hjalti Pálsson unnið gott starf í þessu máli og fagnar þingið því.

IV.

Þing L.H. ályktar að "Jóreykurinn" verði sendur öllum félagsmönnum L.H. tvísvor til þrisvar á ári.

Þessar tillögur í heild samþykktar með öllum þorra atkvæða.

Þorvaldur Ágústsson lagði fram tillögur frá ferðanefnd, þingskjöl nr. 24, 25, 26, 27, 28.

Þingskjal nr. 24.

42. ársþing ... krefst þess að stjórn L.H. gangi hart fram í því að lög verði sett um reiðleiðir meðfram stofnbrautum, þar sem þær eru hluti af samgöngukerfi landsmanna.

Þingskjal nr. 25.

42. ársþing L.H. ... skorar á stjórn L.H. að beita sér fyrir í samvinnu við Sleipni og Smára að nægilegt fjármagn verði lagt í reiðleiðina um Þjórsárþakka, þ.e. um Flóa og Skeið svo opna megi hana að nýju fyrir umferð hestamanna.

Þingskjal nr. 26.

42. ársþing L.H. ... fagnar framkominni þingsályktunar-tillögu um reiðvegaáætlun frá 7. febrúar 1991 og skorar á samgönguráðherra að hrinda henni í framkvæmd.

Þingskjal nr. 27.

42. ársþing L.H. ... Hestamannafélagið Sóti fer þess á leit við 42. ársþing L.H. að stjórn sambandsins hefji þegar viðræður við bæjaryfirvöld í Garðabæ um lagningu reiðvega frá Álftanesi að Engidal í Garðabæ.

Þingskjal nr. 28.

42. ársþing L.H. ... ferðanefnd hvetur þingheim til að koma því á framfæri í aðildarfélögum sínum að hestamenn gangi þannig um landið, áningastaði og hlið að það sé þeim til sóma og öðrum til eftirbreytni. Einnig hvetur nefndin til aukinnar notkunar endurskinsmerkja.

Skúli Kristjánsson þakkar Þorvaldi góða framsögu.

Skúli telur að hestamannafélögin á hverju svæði verði sem mest að leysa sína mál, L.H. geti hjálpað til. Hestamenn reki áróður fyrir sínum mönnum í sveitastjórnir.

Jón Ólafur Sigfússon spyr.

1. Hver eru skilyrði bænda með Þjórsá?
2. Hvað kostar pakkin?

Sigurður Páll Ásólfsson, svarar Jóni og segir kröfurnar vera:

1. Lausaganga bönnuð.
2. Merkja leiðina og tilmæli um að loka hliðum.
3. Áningarhólf beggja megin.

Kári Arnórsson telur þörf á að kanna leyfi landeigenda til að loka fornum þjóðleiðum. Einnig kemur hann með vísu frá vini:

Sjokk-Toppur.

Hann í tauminn hefur rykkt,
hrellist lundin þæga.
Millirífja mögnuð gigt,
mæddi Toppinn fræga.

Tillögur ferðanefndar því næst bornar undir atkvæði og allar samþykktar með þorra atkvæða.

Kristján Auðunsson leggur fram tillögur laga-og skipulagsnefndar.

Þingskjöl nr. 3, 6, 20, 21.

Vegna tillagna nr. 3, 20, 21 um skipulagsmál L.H. komi ný tillaga svohljóðandi:

42. ársþing L.H. hvetur hestamannafélögin til að efla samstarf heima í héruðum, þannig að samráð sé haft um mótahald, fræðslustarf, æskulýðsstarf og reiðvegagerð og að svo komnu máli verði ekki gerðar skipulagsbreytingar á L.H. Einnig hvetur þingið stjórn L.H. til að taka aftur upp svæðisfundi til að efla tengsl milli félaga og stjórnar.

Laga- og skipulagsnefnd leggur fram svohljóðandi breytinga-
tillögu við þingskjal nr. 6:

42. ársþing L.L. leggur til að þingskjali nr 6 verði vísað heim til félaganna til umfjöllunar og ályktunar, enda verði ályktunum þeirra komið til stjórnar L.H. fyrir 1. apríl 1992.

Kári Arnórsson fagnar báðum þessum tillögum og hvetur til umræðu heima í félögunum.

Þingskjal nr. 6. Breytingartillaga samþykkt með þorra atkvæða, 7 á móti.

Í stað þingskjala nr. 3, 20, 21 komi nýtt þingskjal, sjá ofar á blaðsíðunni. Samþykkt.

Frá mótanefnd: Framsögumaður, Marteinn Valdemarsson.

Þingskjal nr. 4, samþykkt óbreytt.

Þingskjal nr. 9, ný tillaga svohljóðandi:

42. ársþing L.H. samþykkir að beina því til mótanefndar L.H. að hún vinni markvisst að því að hestaping nágrannafélaga rekist ekki á.

Þingskjal nr. 10, ný tillaga svohljóðandi:

42. ársþing samþykkir að áfram verði unnið að undirbúningi reglna um lyfjapróf á keppnishrossum og felur stjórn L.H. að skipa 5 manna millipínganefnd, sem tæki ýtarlega á faglegum og félagslegum áhrifum lyfjaprófana og skili álit fyrir næsta þing.

Breytingartillaga við þingskjal nr. 12.

42. ársþing L.H. samþykkir að stefnt skuli markvisst að því að dreifa stórmótum, öðrum en landsmótum, og öðru því sem eflir hestamennskuna sem víðast um landið.

Þingskjal nr. 18, fellt.

Þingskjal nr. 19, fellt.

Umræður um álit mótanefndar. Til máls tók fyrstur Stefán Bjarnason, Létti. Hann var hneykslaður á störfum mótanefndarinnar og leggur til að þessu verði vísað frá, þ.e. þingskjali nr. 12.

Guðbrandur Kjartansson, Fáki. Hann fjallaði um lyfjamál, taldi jafnvel að HÍS sé skuldbundið til að fara eftir alþjóðareglum. Passa þarf vel upp á þetta allt saman, þar sem þetta er fremur flókið mál og þurfi sérstaklega menntaðann dýralækni til að framkvæma þessar blóðtökur og fyrst eftir 21 dag komi niðurstöður og kosti minnst 30 þúsund. Penicillin og ormalyf geti truflað svona próf, einnig geta bólgueyðandi lyf truflað. Einnig vantar nánari útfærslu á hegningu. Hver er sekur? Hann leggur til að menn fari sér hægt í þessu máli og setja nefnd í málið.

Ármann Gunnarsson talaði næst og óskaði eftir að fá að endurflytja þingskjal nr. 18.

Kristmundur Halldórsson, Gusti talaði um lyfjamál og hvetur til þess að menn athugi þessi mál mjög vel, kanna þurfi allar hliðar. Hvetur til þess að ný tillaga við þingskjal nr. 10 verði samþykkt.

Kári Arnórsson lagði til að breytingartillögu við þingskjal nr. 12 verði vísað frá. Styður Stefán Bjarnason. Sjá framar.

Jónas Vigfússon telur ekki rétt að þessi breytingartillaga þ.e. þingskjal nr. 12 verði tekin til afgreiðslu. Hann vill láta ber tillöguna upp í heilu lagi.

Skúli Kristjánsson telur rétt að menn fari að ræða þessi mál á vitrænan hátt, þ.e. að uppbygging fari fram á sem fæstum stöðum. Hann telur rétt að menn fari að taka á þessum málum. Vestlendingar og Austfirðingar hafa ekki landsmót og eru tilbúnir að semja um að svo verði áfram, sé umræðan viti borin og málefnaleg.

Þingskjal nr. 4, samþykkt með þorra atkvæða.

Breytingartillaga við þingskjal nr. 9 samþykkt með öllum atkvæðum.

Breytingartillaga við þingskjal nr. 10, samþykkt.

Kristinn Guðnason, Geysi, leggur til að öllum þessum tillögum verði vísað frá, menn fari heim og hugsi um það, hvort þeir vilji l eða fleiri landsmótsstaði, þá einnig á vestur og austurlandi.

Tillaga Stefáns Bjarnasonar borin undir atkvæði þ.e. að breytingartillaga við þingskjal nr. 12 verði felld.
Tillaga Stefáns samþykkt.

Kristinn Guðnason, leggur til að þingskjali nr. 12 verði vísað frá. Með 63, móti 20. Samþykkt.

Frávísunartillaga við þingskjal nr. 18, frá Kristni Guðnasyni.
Samþykkt með 60 atkvæðum gegn 27.

Frávísunartillaga frá Kristni Guðnasyni við þingskjal nr. 19.
Samþykkt með 74 atkvæðum gegn 6.

Frá allsherjarnefnd: Framsögumaður, Páll Dagbjartsson.

Nefndin fékk til umfjöllunar þingskjöl nr. 5, 13, 17 og 22.

Þingskjal nr. 5. Nefndin mælir með samþykkt.

Þingskjal nr. 13. Nefndin leggur til að þessi tillaga verði felld.

Þingskjal nr. 17. Nokkrar umræður urðu um þessa tillögu, nefndin leggur þó til að hún verði samþykkt.

Þingskjal nr. 22. Breytingartillaga svohljóðandi kom fram:

42. ársþing L.H. samþykkir að reikningsuppgjör þeirra móta sem L.H. er fjárhagsaðili að, skuli að ári liðnu frá því viðkomandi mót er haldið, berast til skrifstofu L.H. og liggja þar frammi, ásamt öðrum hagnýtum upplýsingum um mótið. Reikningsuppgjör þessi skulu endurskoðuð og yfirfarin af þar til kjörnum aðilum og vera aðgengileg fyrir aðildarfélög L.H.

Umræður um nefndarálit.

Skúli Kristjánsson taldi varasamt að flýta sér um of í þessum málum, vitnar til síðasta landsmóts, þar sem stóð í strögli

út af löggæslu o.fl. og uppgjör lá ekki fyrir er ársþing L.H. var haldið.

Kári Arnórsson spjallaði um Skógarhóla og taldi þá sameign allra landsmanna. Þar sem þeir eru innan þjóðgarðar. L.H. mundi taka þátt í fleiri hólfum innan þjóðgarða, t.d. í Jökulsárgljúfri. Kári taldi einnig nauðsynlegt að flýta sér hægt við að samþykkja of fljótt uppgjör við landsmót. En að vísu sjálfsagt að hraða uppgjöri sem mest.

Tillögur bornar upp.

Þingskjal nr. 5 óbreytt, samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 13, er felld með 55 atkvæðum gegn 15.

Þingskjal nr. 17, samþykkt.

Breytingartillaga við þingskjal nr. 22, samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Frá, gæðinga- og unglinganefnd.

Framsögumaður fyrir minni hluta breytingartillögu við þingskjal nr. 7 er Jón Albert Sigurbjörnsson.

Breytingartillagan er svohljóðandi:

42. ársþing L.H. samþykkir breytingar á úrslitakeppni í barna og unglingaflokkum.

Úrslitakeppni:

3. Dómarar gefa ekki einkunnir heldur sýna á spjalldi í hvaða sæti þeir raða hverjum knapa, annars vegar fyrir ásetu og hins vegar fyrir gangtegundir og verði 2 eða fleiri knapar jafnir í 1. og 2. sæti skal skorið úr með bráðabana eða hlutkesti (þá í samráði við keppendur.) En um önnur sæti skal skera úr með hlutkesti. Sá knapi sem lægsta samtölu fær, hefur sigrað. Bráðabani skal alltaf riðinn á vinstri hönd, einn hringur á hverri gangtegund.

Úrslitakeppni - yngri flokkur.

Tölt eða brokk skal sýna minnst tvo hringi til hvorrar handar. Stökk skal sýna tvo spretti, einn og einn í einu til sömu handar með hraðamun og mjúkri niðurbægingu. Knapar safnist saman á skammhlið og komi sér saman um, í samráði við stjórnanda, í hvaða átt skal ríða.

Úrslitakeppni - eldri flokkur.

Tölt skal sýna allt að tveimur hringjum til hvorrar handar. Brokk skal sýna allt að tvo hringi til hvorrar handar. Yfirferð allt að tveimur hringjum til hvorrar handar.

Í báðum flokkum skal meta ásetu í úrslitakeppni.

Gæðinga- og unglinganefnd, meiri hluti, framsögumaður,
Ágúst Oddsson.

Nefndin hafði til umfjöllunar þingskjöl nr. 7, 8 og 14.
Fram kom breytingartillaga við þingskjal nr. 7 svohljóðandi:

Úrslitakeppni:

3. Dómarar gefa ekki einkunnir heldur sýna á spjaldi í hvaða sæti þeir raða hverjum knapa og gefa sameiginlega sætaröðun fyrir ásetu, stjórnun og gangtegundir og verði 2 eða fleiri knapar jafnir í 1. og 2. sæti skal skorið úr með bráðabana eða hlutkesti (þá í samráði við keppendur.) En um önnur sæti skal skera úr með hlutkesti. Sá knapi sem lægsta samtölu fær hefur sigrað. Bráðabani skal alltaf riðinn á vinstri hönd, einn hringur á hverri gangtegund.

Úrslitakeppni - yngri flokkur:

Tölt eða brokk skal sýna minnst tvo hringi til hvorrar handar. Stökk skal sýna tvo spretti, einn og einn í einu til sömu handar með hraðamun og mjúkri niðurbægingu.

Knapar safnist saman á skammhlið og komi sér saman um, í samráði við stjórnanda í hvaða átt skal ríða.

Úrslitakeppni - eldri flokkur:

Tölt skal sýna allt að tveimur hringjum til hvorrar handar. Brokk skal sýna allt að tvo hringi til hvorrar handar. Yfirferð allt að tveimur hringjum til hvorrar handar. S um knapa með alhliðahesta að ræða, er heimilt að leggja hestinn tvo spretti á langhlið eftir að yfirferð hinna lýkur.

Í báðum flokkum skal meta ásetu, stjórnun og gangtegundir jafnt í úrslitakeppni.

Gísli B. Björnsson þingforseti leitaði heimildar hjá þingfulltrúum til að leyfa Rósmarie Þorleifsdóttur að taka til máls. Var það samþykkt.

Rósmarie telur að dómarar eigi að geta dæmt bæði ásetu og gang og ef ekki, þá verði bara að mennta þá betur, hún taldi marga dómara góða og marga miður góða. Hún er alfarið á móti því að einkunn verði gefin í einni einkunn. Það verði að gefa bæði fyrir ásetu og gang sérstaklega. Í sambandi við menntun dómara þá vanti nánari útlíðun á hvað rétt áseta er.

Helgi Helgason tók til máls og lýsti sig fylgjandi breytingartillögu við meiri hlutaálit við þingskjal nr. 7.

Gunnar Arnarson vill útskýra meiri hlutaálit. Telur ekki sanngjarnt að unglingar séu að ríða bæði A og B hestum, einungis ætti að ríða B hestum. Gunnar telur ekki hægt að ætla dómurum að dæma bæði ásetu og gang, þeir segji það útilokað svo vel sé.

Marteinn Valdemarsson ræddi um að hlutkesti sé látið ráða. Hann telur rökrétt að einkunn úr forkeppni sé látin ráða, séu knapar jafnir í úrslitum.

Guðrún Fjeldsteð telur að fækka eigi hrossum í úrslitum, ef dómara treysta sér ekki til að dæma svo mörg hross í einu. Telur jafnvel að dæma eigi eingöngu knapann en ekki hrossið.

Brynjar Guðmundsson sér ekki mun á því að láta dómara gefa einkunn í einu lagi, þeir geti alveg eins gefið þær í tvennu lagi.

Olil Amble sagði að málið væri ekki að fella niður ásetu-einkunn heldur að gefa sameiginlega einkunn til að auðvelda úrslitakeppni.

Skúli Kristjánsson virti sjónarmið minni hlutans, en telur menn komna út fyrir verksvið sitt. Samþykkja ber það sem auðveldara er.

Rósmarie sagði dómara hafa tólf hringi til að dæma knapa og hest og hljóta því að vera vanhæfir, ef þeim tekst þetta ekki.

Sigfús Guðmundsson telur að gefa eigi tvær einkunnir aðskildar og gagnrýnir Skúla fyrir að tala um að ef menn vilji ekki hleypa mótunum í klúður þá samþykki þeir álit meiri hlutans. Hann telur að gangur eigi að vera 50% og áseta 50%.

Kristinn Guðnason vill skýringar á því hvernig dómara ætli að spara sér vinnu með því að gefa eina einkunn.

Olil Amble telur flókið að útskýra hvað veldur þessum erfiðleikum, talaði um að vinna hlutina í huganum til að flýta úrvinnslu.

Þá kom frávísunartillaga við álit meiri- og minni hlutans í gæðinga- og unglinganefnd, þess efnis að vísa áliti minni- og meiri hluta frá, til frekari úrvinnslu hjá gæðinga- og unglinganefnd og dómarafélaginu þ.e. hjá millíþinganefnd.

Flutningsmenn voru: Gunnar Arnarson, Jón Albert Sigurbjörnsson, Ágút Oddsson, Olil Amble, Helgi Helgason og Viðar Halldórsson.

Tillagan var samþykkt með þorra atkvæða.

Þingskjal nr. 8 fer því einnig til úrvinnslu í millíþinganefnd.

Þingskjal nr. 14, fellt.

Eftirtalin hestamannafélög vilja efla uppbyggingu Skógarhóla og til þess að svo megi verða bjóða þau fram sjálfboðaliða um vinnuhelgi til viðhalds rétta og annarra mannvirkja, samkvæmt nánara samkomulagi við stjórn L.H.
Undir þetta skrifa eftirtaldir:

Viðar Halldórsson, Fáki.
Valdimar Kristinsson, Herði.
Ársæll Gunnarsson, Sóta.
Kristmundur Halldórsson, Gusti.
Birgir Sigurjónsson, Sörla.
Jóhann Másson, Andvara.
Brynjar Guðmundsson, Mána.

Þá var gefið kaffihlé.

Kosningar á 42. ársþingi.

Þær hófust með því að fundarforseti kannaði með nafnakalli hverjir sætu fundinn.

- A. Varaformaður: Skúli Kristjónsson stakk upp á Guðmundi Jónssyni frá Reykjum sem varaformanni.

Svanur Halldórsson, kvaddi sér hljóðs og gerði það að tillögu sinni að Guðmundur Jónsson yrði kosin með lófataki. Var það samþykkt samhljóða.

- A. Varaformaður er því Guðmundur Jónsson, Reykjum.

- B. 2 meðstjórnendur.

Óskað var eftir tilnefningum.

Skúli Kristjónsson kvaddi sér hljóðs og stakk upp á Sigbirni Björnssyni í aðalstjórn.

Gunnar B. Gunnarsson kvaddi sér hljóðs og taldi að dreifa ætti störfum innan L.H. Vitnaði hann í Sigurð Haraldsson í Kirkjubæ fyrir sex árum þegar hann sagði af sér. Hann stakk upp á Sigfúsi Guðmundssyni. Þakkaði Gunnar gott samstarf.

2 meðstjórnendur:

Sigbjörn Björnsson,	99 atkv.
Sigfús Guðmundsson,	87 "
Elísabet Þ. Þórólfsdóttir	7 "

Vísa.

Opnast nú skarð fyrir skildi
skjálfa þá stæðir um sinn.
Endurkjörið ekki vildi
"elsku drengurinn minn".

Frá Jóni í Skollagróf til Skúla í Skarði.

5 varastjórnarmenn.

Skúli Kristjánsson kveður sér hljóðs og lofar mönnum að þetta sé síðasta pontuferð hans á þessum fundi, hann stingur upp á að Marteinn Valdemarsson frá Glað, verði kosinn í varastjórn og að Guðmundur Ólafsson, Fáki verði einnig kosinn í varastjórn. Þakkar Skúli fyrir sig og telur þing þetta með þeim málefnalegri. Telur okkur öll hestamenn á uppleið. Óskar hann öllum hestamönnum heilla í framtíðinni.

Birgir Sigurjónsson, Sörla stingur upp á Ágústi Oddssyni og Elísabetu Þórólfsdóttur.

Viðar Halldórsson bendir á að Guðmundur Ólafsson sé fjarstaddur og gefi ekki kost á sér.

Sigurður P. Ásólfsson stingur upp á Sigurgeir Bárðarsyni Skúli kveður sér hljóðs og segist vita um fjarveru Guðmundar en hvetur menn til að kjósa hann.

Þá var stungið upp á Kristmundi Halldórssyni, Gusti og Stefáni Bjarnasyni, Létti.

Var nú gengið til kosninga í varastjórn og féllu atkvæði þannig:

Marteinn Valdemarsson,	86 atkv.
Elísabet Þ. Þórólfsdóttir,	79 "
Stefán Bjarnason,	70 "
Kristmundur Halldórsson,	66 "
Ágúst Oddsson,	63 "
Sigurgeir Bárðarson,	61 "
Guðmundur Ólafsson,	40 "

og aðrir hlutu færri atkv.

Kosning endurskoðenda.

Gísli B. Björnsson og Þorvaldur Þorvaldsson voru endurkjörnir.

Guðmundur Jónsson, kvaddi sér hljóðs og þakkar fyrir það traust sem hann fékk. Einnig þakkar hann Skúla og Gunnari gott samstarf. Hestamennskan er hans áhugamál þó lítið sé riðið út. Þakkar gott þing og ánægjulegan fund.

Hallgrímur þakkar fyrir hönd forseta og einnig riturum og öllum öðrum gott starf.

Kári Arnórsson, þakkar Skúla og Gunnari mikið og gott starf, þakkar einnig Sigrúnu Sigurðardóttur gott starf. Þá býður hann Sigfús Guðmundsson og Sigbjörn Björnsson velkomna til starfa innan L.H. Þakkar þingforsetum gott samstarf og góða stjórn. Fer fram á að ritarar fái að vinna við fundargerð þar til hún er tilbúin.

Þakkar Gusti góða aðstöðu, þingfulltrúum góða setu og virka þátttöku í atkvæðagreiðslu. Telur þetta farsælt þing og hestamenn að vinna sig út úr vissum vanda, og bjart sé framundan. Næsta þing verður haldið að Flúðum í okt. 1992 í boði Smára. Óskar öllum góðrar heimferðar, vonast til að sjá menn á árshátíð Gusts um kvöldið og slítur 42. þingi L.H. um kl. 18:00

Þetta er í fyrsta skipti sem þing L.H. er allt hljóðritað á hljóðsnældu. Áhaldið var í eigu Kristmundar Halldórssonar formanns Gusts og í öruggum höndum Brynjars Guðmundssonar, formanns Mána.

Halldóra Játvarðardóttir.
Sigríður Hermannsdóttir.
Brynjar Guðmundsson.
Haraldur Þórarinsson.




BOBCAT LEIGAN

Jón Jónsson ☎ 985-27149

VARMADAL 2, KJAL., 270 VARMÁ

KT. 220564-4879 VSK. 16939



Lestrarhestar!

Vantar þessar bækur í safnið?

Í morgunljómann – Saga LH í 35 ár

Hesturinn minn – Handbók hestamanna

Hesthús – Leiðbeiningar og tillögur

Höfum einnig til sölu takmarkað upplag af mótaskrá frá fyrri landsmótum og stök blöð og heila árganga af **Hestinum okkar** frá 1960 til 1989.

Skrifstofa LH
Bændahöllinni við Hagatorg
Símar 19200 og 29899